

Waldorfskólinn Sólstafir

Handbók nemenda og foreldra



Skólaárið 2012-2013

Handbók nemenda og foreldra

Efnisyfirlit.

Skóladagatal

Upplýsingar um skólann

Símaskrá nemenda og kennara

Viðtalstími kennara

Skólasamfélagið

Foreldrasamstarf

Vistvernd

Hátíðir

Opnunartími og lengd viðvera

Skólamáltíðir og nesti

Veikindi, fjarvistir og leyfi

Frímínútur

Námsmat

Ferðalög

Öryggismál

Heilsugæsla

Lífsleikni

Forvarnir, einelti og ofbeldi.

Waldorfskólinn Sólstafir – Sóltúni 6. 105 Reykjavík

Sími 577-1110

Netfang solskoli@ismennt.is

Veffang <http://waldorf.ismennt.is>

Símaskrá kennara og nemenda

Símaskrá kennara og nemenda er dreift til forráðamanna í byrjun skólaárs.

Viðtalstími kennara.

Viðtalstímar kennara eru á milli klukkan 08:15 og 08:45 eða eftir samkomulagi.

Skólasamfélagið

Kennarar og starfsmenn skólans gera sér far um að skapa hlý, persónuleg tengsl við alla nemendur skólans. Umsjónarkennarar bekkja snæða með nemendum sínum í hádeginu flesta daga, fylgja eftir dagshrynjanda og sjá til þess að umgengnis og skólareglum sé fylgt.

Skólareglur:

- ❖ Verum umburðarlynd og sýnum hvert öðru virðingu og hlýju.
- ❖ Göngum vel um skólann og umhverfi hans.
- ❖ Hlýtum verkstjórn kennara og starfsfólks skólans.
- ❖ Verum stundvís.
- ❖ Farsímar, I-pod og tölvuleikir eru ekki leyfðir á skólatíma.
- .
- ❖ Komum ekki með sælgæti eða gosdrykki í skólann.
- ❖ Notkun síma skólans er aðeins með leyfi kennara og ef nauðsyn ber til.
- ❖ Sýnum vistvernd í verki.

Samsöngur er alltaf á morgnana fyrir aðalkennslustund.

Kennarar heilsa ávallt nemendum sínum, hverjum og einum, við upphaf kennslustundar.

Nemendur eru hvattir til að sýna sjálfstæð, skapandi vinnubrögð í öllum námsgreinum.

Rammi uppeldisfræðinnar skapar nemendum öruggt umhverfi í kennslustundum þar sem frumkvæði og framkvæmdagleði eru hornsteinar starfsins.

Foreldrasamstarf.

Hlutverk foreldra í starfi Waldorf skólans er mjög mikilvægt og litið er á að þeir sem senda börnin sín í skólann vilji leggja sitt af mörkum innan skólasamfélagsins.

Starfandi er foreldrafélag í skólanum sem heldur kynningarfund að hausti og kynnir þar starfsemi sína. Félagið hefur unnið frjótt og áhugavert starf og innan þess hafa starfað margar nefndir þ.á.m byggingarnefnd, sem vann að því að undirbúa hönnunarvinnu að framtíðarskólahúsnæði.

Foreldrar hafa einnig tekið þátt í að kynna skólastarfið á opnum degi og ritað greinar í dagblöð og tímarit.

Þá hafa foreldrar tekið að sér að aðstoða með ýmis hagsmunamál skólans og að skipuleggja hátíðir og samverustundir utan skólatíma.

Í Waldorf skólum setja margar hátíðir svip sinn á skólaárið og er þáttur foreldrafélagsins ómissandi við undirbúning og framkvæmd þeirra.

Vistvernd.

Fyrir nokkrum árum hóf skólinn þátttöku sína í verkefninu Vistvernd í verki. Umhverfisvernd og endurnýting hefur ávallt verið mikilvægur þáttur í starfi skólans en með þátttöku í þessu verkefni verður verkið enn markvissara og fjölbættara.

Markmið verkefnisins er að gera umhverfisvernd og endurnýtingu sýnilega og sjálfsagðan þátt í daglegu starfi skólans.

Inn í hverri stofu er aðstaða til flokkunar á pappír, almennu rusli, fernum og lífrænum úrgangi. Í tengslum við eldhús er flokkað í málma, gler og plast. Nemendur taka virkan þátt í flokkuninni og leggja sitt af mörkum til að minnka rusl, komi með brúsa undir safu eða mjólkurdrykki, nesti í boxi og komi ekki með einnota umbúðir. Kennslu um vistvernd er fléttað inn í stundarkennslu þar sem matmálstímar, handverks og listvinna gefa tækifæri til flokkunar og umræðu.

Hátíðir.

Í Waldorf leikskólum og skólum eru hátíðir stór hluti af starfinu og þær marka hrynjanda ársins og árstíðanna.

Mikjálsmessa 29. september. Í vikunni fyrir Mikjálsmessu er lífsleiknivika í skólanum Allir nemendur sameinast í útileik sem nefnist Drekkaleikur. Markmið vikunnar er samvinna og félagstengsl. Nemendur mynda lítið samfélag, reisa sér hús, vinna að handverki og matur er eldaður á hlóðum fyrir allan hópinn. Elstu börnin fara í hlutverk drekkans og leikurinn fylgir vissu ferli með leikreglum sem börnin þekkja. Síðasta daginn, iðulega á Mikjálsmessu 29. september er drekkinn sigraður og haldin uppskeruhátíð þar sem forráðamenn barnanna koma og taka þátt í hátíðinni og borða súpu með börnunum.

Jólabasar Sólstafa í nóvember. Þessi dagur er mikill hátíðisdagur í skólanum, en þá sameinast Waldorfgrunnskólinn og leikskólarnir með jólabasar þar sem foreldrar selja afrakstur margra góðra undirbúningskvölda og eru foreldrar hvattir til að vera virkir í þeirri vinnu. Á basardaginn eru oft tónleikar og aðrar sýningar eða uppákomur frá nemendum.

Marteinsmessa 11. nóvember. Þessi hátíð er ein af þeim hátíðum sem fylgja Waldorfskólum víða um heim. Í skólanum okkar er hann kallaður Luktardagur. Á þessum tíma er skammdegið að byrja og yngri börnin búa til og kveikja ljós á

lugtinni sinni og baka brauð til að bjóða vegfarendum. Undanfarin ár hafa nemendur skólans einnig rétt hjálparhönd þeim sem minna mega sín og hefur skólinn tekið þátt í verkefninu “Jól í skókassa” á þessum tíma.

Aðventuhátíð skólans er mánudag eftir fyrsta sunnudag í aðventu. Þetta er hátíðleg stund þar sem nemendur og kennarar koma saman og kveikja ljós í aðventugarði.

Jólahátíð. Skömmu fyrir jólafrí bjóða nemendur skólans vinum og vandamönnum að koma á jólaskemmtun þar sem nemendur sýna leikrit, spila á hljóðfæri og syngja.

Opið hús er í apríl og er þá vinna nemenda sýnd og skólinn kynntur. Nemendur og foreldrar koma einnig að þeirri kynningu.

Vorleikrit skólans eru að venju sýnd í maí og eru það þá aðallega elstu nemendur skólans sem sýna lokaverk sitt í leiklist.

Sumarhátíð Sólstafa er haldin skömmu fyrir skólalok, og eru þá allir nemendur Sólstafa, auk fjölskyldna, hér í Sóltúninu með grillveislu og skemmtun.

Opnunartími og lengd viðvera.

Skólinn er opinn frá 08:10 á morgnanna til 16:00 síðdegis. Kennsla hefst 08:45 og lýkur alla daga 14:40. Eftir það er boðið upp á lengda viðveru barna á yngsta stigi gegn vægu gjaldi. Lengd viðvera er frá 14:40 og til klukkan 16:00. Þá lokar skólinn.

Skólamáltíðir og nesti

Í skólanum er starfrækt eldhús sem sér nemendum fyrir hádegismat og síðdegishressingu gegn gjaldi. Boðið er upp á einfaldan grænmetismat. Við matseld er notað lífrænt ræktað hráefni eftir því sem kostur er. Ekki er boðið upp á morgunmat og eiga börnin að hafa með sér nesti fyrir morgunhressingu. Vegna hins sterka hrynjanda sem einkennir lífið í Waldorfskólum má segja að hver dagur hafi sinn rétt þannig að matseðill er ákveðin í byrjun skólaársins og helst nokkuð óbreyttur út árið.

Nemendum er gert skylt að sýna tillitsemi og kurteisi í matmálstímum. Það sama gildir um þá nemendur sem koma með nesti með sér að heiman. Eldri nemendur borða hádegismatinn inni í sínum stofum og umsjónarkennari hvers bekkjar borðar með sínum nemendum. Yngri nemendur borða í matsal með kennurum sínum.

Veikindi, fjarvistir og leyfi.

Vinsamlegast tilkynnið veikindi og fjarvistir samdægurs. Skólinn opnar klukkan 08:10. Þurfi nemandi að fá leyfi í lengri eða styttri tíma úr skólanum þarf að biðja um það frá umsjónarkennara. Sé nemandi fjarverandi vegna veikinda eða leyfis er það á ábyrgð foreldra að barnið nái að vinna upp sem það hefur farið á mis við í skólanum. Munum að skólinn er vinnustaður barnsins og það er mikilvægt að borin sé virðing fyrir því sem það fæst við í skólanum. Það skiptir máli að barnið mæti vel og að ekki sé sjálfgefið að fá leyfi úr skóla.

Varla kemur fyrir nú orðið að kennsla falli niður vegna veðurs. Komi það fyrir, eru forráðamenn beðnir um að fylgjast vel með þeim fyrirmælum sem berast frá Almannavörnum. Ef forráðamönnum líst ekki á veðrið, er þeim frjálst að halda börnum sínum heima þar sem ábyrgðin er þeirra fyrst og fremst. Þessa fjarvist, sem og aðrar, ber þó að tilkynna skólanum strax að morgni.

Ef kennari er veikur taka aðrir kennarar að sér forfallakennslu. Þó getur verið að kennsla raskist þann daginn og að nemendum sé gefið frí í tímum. Þetta á þó aðeins við um nemendur á mið- og efra stigi skólans.

Frímínútur

Öll börn eiga að fara út í frímínútur. Nemendur þurfa því að hafa með sér viðeigandi skjólfatnað og vera vel skóaðir. Vinsamlegast athugið að föt barnanna séu vel merkt. Ætlast er til þess að börnin passi sjálf upp á sinn fatnað.

Ekki er mælt til þess að nemandi sé lengur inni við eftir veikindi en einn dag að beiðni foreldra. Vinsamlegast athugið að frímínútur er stuttur samfelldur tími samanborið við inniveru í kennslustundum og frískt loft og hreyfing endurnæra barnið á milli kennslustunda. Einnig þarf að hafa í huga að þá daga sem vettvangsferðir og hreyfing eru í stundartöflu nemanda er varla hægt að vera inni við.

Heimanám.

Heimanám yngri nemenda er í lágmarki og ætlast er til þess að flestir nemendur geti lokið verkefnum dagsins innan skólatímans.

Allir nemendur eru með stundarskrá frá 8.45-14.40, en hjá yngstu nemendum fléttast frjáls leikur inn í hrynjanda dagsins.

Frá og með sjötta bekk er heimaverkefnum gefið meira vægi og á elsta stigi er heimavinna og eigin rannsóknarvinna hluti af náminu.

Námsmat.

Engin vetrapróf eru lögð fyrir nemendur í Waldorfskólanum. Nemendur eru metnir yfir skólaárið og fá umsögn eftir veturinn frá bekkjarkennurum sínum og öðrum fagkennurum. Elstu nemendur skólans fá einkunnir við lok grunnskólans.

Samræmd próf eru lögð fyrir nemendur í 4, 7 og 10 bekk. Námsmatsstofnun annast framkvæmd samræmdra prófa, samningu, yfirferð og úrvinnslu.

Foreldraviðtöl eru í lok hverrar annar. Þá gefst foreldrum kostur á að fara ýtarlega yfir námsframvindu barnsins ásamt umsjónarkennara, auk þess sem þeir hafa tækifæri til að skoða vinnubækur og önnur gögn. Að auki bjóðast foreldrum viðtalstímar á morgnanna frá kl. 08:15 -08:45.

Vinnubækur, myndverk og annar afrakstur frá vinnu nemenda liggur frammi á opnum degi skólans á vorönn og vinnu sína taka nemendur með sér heim eftir veturinn.

Ferðalög

Á hverju ári eru skipulögð námsferðalög með nemendum. Miðstig og elsta stig fara í skólaferðalag að vori þar sem gist er í nokkrar nætur. Bekkir skólans hafa farið í fjáröflun ásamt umsjónarkennara fyrir þessi ferðalög. Einhver kostnaður er þó tengdur ferðalögum og er forráðamönnum greint frá fyrirhuguðum kostnaði í tíma. Nemendur á yngsta stigi fara ekki í ferðir en fara jafnt yfir skólaárið í dagsferðir, vettvangsferðir og gönguferðir sem eru í samhengi við námið. Útinám og vettvangsferðir eru snar þáttur í skólstarfinu.

Öryggismál

Brunavarnir skólans eru í samræmi við reglugerðir um skólahúsnæði. Neyðarútgangur er í hverri kennslustofu og slökkvibúnaður aðgengilegur. Reglulegt öryggiseftirlit er með skólahúsnæði og lóð.

Heilsugæsla

Almenn heilsugæsla og starf skólahjúkrunarfræðings er í umsjá heilsugæslunnar í Hlíðum. Ef nemandi slasast í eða við skólann er haft samband við forráðamenn sé þörf á því annars er nemandi fylgt á heilsugæslustöðuna.

Nemendur hafa alltaf aðgang að skólahjúkrunarfræðingi.

Undanfarin ár hefur einnig komið í heimsókn frá Danmörku, antrópósófíski læk'nirinn Elísabet Möller-Hansen, en hún starfar sem skólalæknir hjá nokkrum Waldorfskólum á Norðurlöndunum. Elísabet hefur haldið marga fyrirlestra um uppeldi og heildrænar lækningar á vegum skólans.

Lífsleikni

Félagslegir ferlar eru einn af úrslitabáttum mannlegs þroska. Börn læra með og af hverju öðru. Að deila reynslu með öðrum á svipuðu þroskastigi er frjórri og auðugra en að læra einn.

Hver kennslustund og lærdómsferli krefst jafnvægis á milli frumreynslu, félagslegra samskipta með umræðum, hlustun, hópvinnu o.s.frv. og þess að vinna einn. Lífsleikni er bæði kennd og fléttuð inn í allt skólastarfið.

Félagsstarf og ábyrgð nemenda

Allir nemendur skólans taka þátt í hinum ýmsu hátíðum yfir skólaárið. Að auki skipuleggja nemendur á miðstigi og elsta stigi félagsstarf innan hvers bekkjar og kjósa í bekkjarráð í samráði við umsjónarkennara sinn.

Á unglíngastigi er kosið nemendaráð sem hefur umsjón með félagsstarfi nemenda.

Nemendur á miðstigi skiptast á um að hafa umsjón með umgengni í stofu sinni og að sjá um að leggja á borð og ganga frá eftir hádegisverð og að sorp sé flokkað og endurnýtt á skipulegan hátt.

Forvarnir, einelti og ofbeldi

Eineltisáætlun skólans.

Tekið er á vandamálum í sambandi við einelti eða ofbeldi í nánú samstarfi við forráðamenn.

1. Með fyrirmynd kennara og starfsfólks skólans.
2. Með inngrípi í umhverfi, aðstæður og félagsleg samskipti einstaklinga og hópsins sem um ræðir.
3. Með viðtölum og beinum leiðbeiningum við gerendur og þolendur og forráðamenn.

Samvinna heimilis og skóla er lykillinn að árangri í glímunni við einelti. Við biðjum forráðamenn að upplýsa starfsfólk skólans um jafnt lítil sem stór vandamál er nemandi á í erfiðleikum félagslega í skólanum. Kennarar og starfsfólk skólans vinna einstaklingsbundna eineltisáætlun fyrir hvert vandamál, þar er bekkjarkennarinn fulltrúi nemandans

Kennarar og starfsfólk skólans vinna með félagsmótun bekkja og forvarnir til þess að koma í veg fyrir einelti. Það er gert með umræðum, hópleikjum og samvinnu inn í bekkjum. Forvarnarstarf er framkvæmt af hverjum bekkjarkennara fyrir sig í gegnum félagsmótun og námsefni.

Einnig eru alltaf starfsmenn úti í löngu frímínútunum til að fylgjast með, vera styðjandi og stinga upp á og koma af stað hópleikjum. Komi upp eineltismál er stuðst við eineltisáætlun skólans og leitað leiða til að leysa málið.